

Mál nr. 64/2015
M og
V-1 v. bifreiðarinnar A og V-2 v. bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bílastæði við Smáralind í Kópavogi 29.12.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.02.2015 ásamt fylgiskjöllum
2. Bréf V-1 dags 11.03.2015 auk fylgiskjala.
3. Bréf V-2 dags. 16.03.2015.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu var bifreið A ekið afturábak eftir akstursleið bifreiðastæðis í Smáralind. Bifreið B var ekið afturábak úr stæði en áður en hann náði að aka áfram varð árekstur milli bifreiðanna. Á sameiginlegri framhlið tjónstilkynningar kveðst hvorugur ökumaður hafa verið kyrrstæður. Ökumaður B kvaðst í frumskýrslu hafa verið við það að taka af stað áfram þegar áreksturinn varð. Ökumaður A kvaðst hafa ekið afturábak og ekki séð hina bifreiðina og árekstur hafi orðið. Á grundvelli þessara gagna var sök skipt til helminga í Tjónanefnd. vátryggingafélaganna. Fyrir nefndinni liggur ný greinargerð ökumanns bifreiðar B. V-2 gerir ekki sérstakar athugasemdir í málinu og V-1 telur rétt að skipta sök til helminga.

Álit.

Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Engar nýjar upplýsingar eru fram komnar sem hnekkja því sem fram kemur í upphaflegri tjónstilkynningu. Í ljósi fyrirbyggjandi gagna er ljóst að hvorugur ökumaður gætti nægilegrar aðgæslu við aksturinn og bera þeir jafna sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík 14.4.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.